

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Göngur og réttir:
 - a. Sóttvarnir vegna Covid-19
 - b. Fundargerð fjallskilaneftndar 14. ágúst 2020 og fjárbeiðnir
2. Samningur um samrekstur skólaþjónustu
3. Erindi um frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum og Jöfnunarsjóður
4. Neysluvatn við Hengifoss
5. Umsókn um umhverfisstyrk á Sturluflöt
6. Fjárbeiðnir
 - a. Ferðafélag Fljótsdalshéraðs
7. Fundargerðir
 - a. Fundargerð almannavarnarnefndar 17. ágúst 2020
 - b. Fundargerð Húsnefndar Végarðs 5.8. 2020
8. Bréf
 - a. Deiliskipulag Víðvöllum ytri 5. júní 2020 erindi frá Jóni Jónssyni hrl.
9. Skýrsla sveitarstjóra
10. Önnur mál.

1. Göngur og réttir:

a. Sóttvarnir vegna covid

Fjallskila- og Sveitarstjóra í samráði við fjáreigendur, er falið að skoða hvernig hægt sé að framfylgja reglum um sóttvarnir.

b. Fundargerð fjallskilaneftndar 14. ágúst 2020 og fjárbeiðnir

Óskað er eftir að sveitarfélagið greiði fyrir flutning á fé úr aðliggjandi sveitum, líkt og verið hefur.

Flutningur á fé skal vera í samráði við og með samþykki fjallskilastjóra óski menn eftir að sveitarfélagið greiði fyrir hann. Að öðrum kosti verði kostnaðurinn ekki greiddur.

Fjallskilaneftnd óskar eftir því að smölun á Hraunum, 4 dagsverk, verði greidd af sveitarfélaginu eins og verið hefur.

Samþykkt samhljóða

Einnig var kynntur samningur sem sveitarstjórn og Baldur Grétarsson hafa gert sín á milli um upprekstur á allt að 100 kindum auk lamba í afrétt í Rana, þ.e. Þorskagerði og Brattagerði.

Gunnþórunn lagði eftirfarandi til: Til að mæta vinnu gangnastjóra (umfram óbreytta gangnamenn) og réttarstjóra Melaréttar, fái skipaðir gangnastjórar Undir Fellingum, í Rana, á Kiðafelli, Múla, Útheiði, Gilsárdal, Villingadal og Flatarheiði, auk skipaðs réttarstjóra í Melarétt greiðslu sem svarar til 1. dagsverks fyrir 1. og 2. göngu (1/2 dagsverk á hvora göngu) á viðkomandi smalavæði og réttarstjóri við Melarétt fái greiðslu sem samsvarar ½ dagsverki.

Á árinu 2020 verði kostnaður vegna þessa greiddur úr sveitarsjóði, en því beint til Fjallskilaneftndar að á árinu 2021 verði fyrirkomulagið hluti af niðurröfnun fjallskila og álagt skv. því.

Skv. útgefnum álagningarseðli 2020 er um að ræða 6 dagsverk og áætlaður kostnaður 300.000, + vsk.

Sveitarstjórn óskar eftir að fjallskilaneftnd taki afstöðu til tillögunar sem fyrst, þannig að framkvæmd komist á 2020 ef hún verður samþykkt.

2. Samningur um samrekstur skólalþjónustu

Fljótsdalshérað og Fljótsdalshreppur, hafa gert með sér samning um þjónustu við nemendur úr Fljótsdalshreppi sem stunda nám í grunnskólum, leikskólum og tónlistarskólum Fljótsdalshéraðs.

Samningurinn gildir til 2025 og var undirritaður 18.8.2020 af sveitarstjóra.

Kynnt.

3. Erindi um frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum og Jöfnunarsjóður

Varðar athugasemdir nokkurra sveitarfélaga við frumvarp Samgöngumálaráðherra um sameiningu sveitarfélaga (þingmál nr. 391).

Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í kostnaði vegna vinnu lögmanns við undirbúning að athugasemdunum.

4. Neysluvatn við Hengifoss

Í sumar mældist hátt hlutfall af jarðvegsgerlum í vatninu við Hengifoss. Í kjölfarið var haft samband við pípulagningarmeistara sem lagði til að vatnið væri látið renna í nokkra dag og svo mælt aftur. Það var gert og mældist vatnið þá drykkjahæft.

Einhver meinsemd virðist vera að hrjá borholuna og var sveitarstjóra falið að finna varanlega lausn á þessu vandamáli.

5. Umsókn um umhverfisstyrk á Sturluflöt

Undir þessum lið var samþykkt tillaga oddvita um breytingu á dagskrá, að bæta við umsókn um umhverfisstyrk frá Skriðuklaustri/Brekku.

Oddviti vék af fundi vegna vanhæfis

Sturluflöt. Samþykktur var hámarksstyrkur til byggingar íbúðarhúss

Skriðuklaustur/Brekka. Samþykktur var hámarksstyrkur við endurbætur á býlinu.

Oddviti kom aftur til fundar

6. Fjárbeiðnir

- a. Ferðafélag Fljótsdalshéraðs

Samþykkt að styrkja Ferðafélagið um 25.000 kr. vegna Perluleiksins

7. Fundargerðir

- a. Fundargerð almannavarnarnefndar 17. ágúst 2020

Kynnt.

- b. Fundargerð Húsnefndar Végarðs 5.8. 2020

Kynnt.

Sveitarstjóri sagði frá að athugasemdir hafi borist sveitarstjórn vegna staðsetningar viðarkyndara sem til stendur að setja upp.

Verkís er að gera afstöðumynd sem fer fyrir byggingarnefnd og húsnefnd Végarðs.

8. Bréf

- a. Deiliskipulag Víðvöllum ytri 5. júní 2020 erindi frá Jóni Jónssyni hrl.

Oddvita og sveitarstjóra falið að koma á fundi með viðeigandi aðilum vegna málsins.

9. Skýrsla sveitarstjóra

Farið var yfir verkefni með Hjörleifi Guttormssyni um stöðu merkinga á sögulóð Valþjófsstaðar. Í ár verður gengið frá undirstöðum og hringur hlaðinn. Skilti verða sett næsta vor.

Neyðarlínan ásamt símafyrirtækjum og Landsvirkjun eru nú að mæla upp bestu staðsetningar fyrir endurvarpa. Flest bendir til að símafyrirtækin fari hratt og vel í málin.

Sveitarstjóri og oddviti tóku út lagfæringu á smalagötu frá Kleif og inn í Ófærusel. Gengið er þar vel frá öllu og til fyrirmyndar hjá verktaka. Síðar þyrfti að laga götuna inn í Kleifarskóg og í gegn um skóginn.

Úttekt var gerð vegna umhverfisstyrks 2018 og 2019 á Sturluflöt og þar er verkefnum vegna áranna lokið og styrkur greiddur.

Samið hefur verið við Bólholt ehf. um að sópa opinber bílaplön í sveitarfélaginu sem er undirbúningur að málun þeirra en Rafey tekur það að sér.

Tjón vegna skemmda á eldavél á Laugafelli sem varð fyrr á árinu hefur verið vísað til tryggingarfélags.

Uppsetning palla á efri hluta Hengifossstígs er lokið.

Kynningarfundur Verkís um starfsemi stofunnar var haldin í Végarði í ágúst.

Fundur með landeigendum/ábúendum við Hengifoss var haldin í Végarði í lok ágúst.

Uppsetningu á utanhúsklæðningu á norðurhlið Végarðs er lokið, gengið hefur verið frá drenlögnum og gert hefur verið við múr á yngri hluta hússins. Eftir er að mála. Lögn fyrir kyndara hefur verið lögð með húsinu.

10. Önnur mál.

Kynnt var bréf frá Presti Friðfinnssyni sveitarstjóra Grýtubakkahrepps til Sambands íslenskra sveitarfélaga. Varðar vinnubrögð hjá sambandinu.

Sveitarstjóra falið að koma á fundi með formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Sveitarfélaginu hefur borist bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu þar sem gerðar eru athugasemdir við samstarfssamninga sem sveitarfélagið hefur gert við nágrannasveitarfélög. Sveitarstjóra falið að svara ráðuneytinu og setja sig í samband við lögfræðing sveitarfélagsins.

Líklegt er að skýrsla varðandi íbúabyggð berist frá TGJ í lok þessarar viku. Stefnt er að þarfagreiningu í framhaldi af því. Formaður byggingarnefndar og byggingafulltrúi hafa farið og skoðað aðstæður á viðkomandi stöðum með tilliti til vegalagningar, og lagningu vatns og rafmagns.

Tekin var umræða um gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2021.

Anna Jóna benti á setja þarf upp skilti bæði fyrir Fljótsdalsgrund og járnbrautarlestina sem stendur við Végarð, en margir vita ekki ástæðu þess af hverju hún sé staðsett í sveitarfélaginu.

Gunnþórunn lagði til að sveitarstjóri taki sæti hennar í verkefna- og rannsóknarsjóði. Samþykkt að sveitarstjóri taki sæti hennar. Gunnþórunni er þakkað fyrir að hafa haldið vel utan um sjóðinn.

Gunnþórunn lagði til að fela sveitarstjóra að taka saman upplýsingar um aukin stjórnarsýslukostnað og kostnað við uppfærslu á skrifstofubúnaði sveitarfélagsins.

Gunnþórunn lagði til að fela sveitarstjóra að kalla eftir svári frá Búnaðarfélaginu varðandi afstöðu þess til skemmubyggingar. Oddviti sagði að það hafi verið gerð samskonar bókun á fundi sveitarstjórnar þann 7.júlí síðastliðin og henni hafi verið komið á framfæri til formanns Búnaðarfélagsins, einnig benti oddviti á að Búnaðarfélagið heyrði ekki undir sveitarstjórn.

Fundi slitið klukkan 17:20

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Anna Jóna Ármannsdóttir (sign)

Eiríkur Kjerúlf (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Gunnþórunn Ingólfisdóttir (sign)